

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum tveimur skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags þann 20. september 2003, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar sem sveitarstjórnirnar skipa sameiginlega. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. júlí 2003.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

25. júní 2003

Nr. 553

REGLUR

um hækkunarprósentu lífeyris þegar sjóðfélagar í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fresta töku lífeyris eftir að 65 ára aldri er náð, skv.

4. mgr. 15. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

1. gr.

Hækkunarprósenta lífeyris þegar sjóðfélagi frestar töku lífeyris eftir að 65 ára aldri er náð sem tilgreind er í 4. mgr. 15. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er hækkuð úr 0,5% í 0,75%.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli ákvæðis III. til bráðabirgða í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

3. gr.

Ákvörðunin tekur þegar gildi og tekur til allra lífeyrisgreiðslna skv. 1. gr. úr A-deild sjóðsins eftir 1. janúar 2002.

Samþykkt á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þann 30. apríl 2003.

Reykjavík, 25. júní 2003.

F.h. stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins,

Eiríkur Jónsson, formaður stjórnar.

Haukur Hafsteinsson
framkvæmdastjóri.